

Fréttatilkynning vegna ársreiknings Sandgerðisbæjar fyrir árið 2006

Sandgerðisbær – Lykiltölur árið 2006

	<i>Sveitarsjóður A hluti</i>		<i>Samantekið A og B hluti</i>	
	Ársreikningur 2006	Ársreikningur 2005	Ársreikningur 2006	Ársreikningur 2005
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	72,5%	73,2%	61,8%	61,3%
Framlög jöfnunarsjóðs	15,6%	14,0%	13,3%	11,7%
Aðrar tekjur	11,9%	12,7%	24,8%	27,0%
	100,0%	99,9%	99,9%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	53,6%	55,7%	51,4%	52,7%
Lífeyrisskuldbinding	2,2%	4,1%	2,5%	4,0%
Annar rekstrarkostnaður	45,3%	42,1%	41,0%	37,3%
Afskriftir	3,0%	2,2%	6,0%	5,2%
Fjármagnsliðir, nettó	-1,5%	-3,0%	9,6%	2,4%
Gjöld samtals	102,6%	101,1%	110,5%	101,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	-2,6%	-1,1%	-10,5%	-1,6%
Veltufé frá rekstri	3,7%	3,6%	5,0%	5,8%
Fjárfestingarhreyfingar	-1,36%	-8,2%	-43,2%	-1,2%
Í krónum á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur	399.073	367.757	397.922	367.757
Aðrar tekjur	53.745	53.706	131.241	136.117
Laun og launatengd gjöld	253.026	234.721	285.014	265.464
Annar rekstrarkostnaður	205.087	177.370	216.790	188.164
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.902	12.542	-50.843	-12.070
Rekstrarniðurstaða	-11.845	-4.510	-55.123	-8.312
Efnahagur:				
Eignir	904.358	879.515	1.280.747	988.516
Eigið fé	450.892	501.323	240.974	320.789
Skuldir og skuldbindingar	453.466	378.193	1.039.773	667.728
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall	0,96	1,80	0,75	0,67
Eiginfjárhlutfall	0,50	0,57	0,19	0,32
Breyting á íbúafjölda:				
	2006	2005	2004	2003
Íbúafjöldi 1. desember	1.663	1.535	1.398	1.393

Á 251. fundi bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar þann 6. júní 2007 fór fram fyrri umræða um ársreikning Sandgerðisbæjar. Þann 13. júní 2007 fer seinni umræðan fram.

Ársreikningur Sandgerðisbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Starfsemi Sandgerðisbæjar er skipt í tvo hluta. Annars vegar A hluta sem er starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum og hins vegar B hluta sem eru fyrirtæki að hálfu eða meirihluta í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2005 námu 773,4 millj. kr. en á árinu 2006 urðu þær 879,9 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 753,0 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,7% en lögbundið hámark þess er 13,03%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 91,7 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 19,7 millj. kr. samkvæmt ársreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2006 nam 400,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta 749,8 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld hjá samstæðunni voru 473,9 millj. kr. Fjöldi starfsmanna var 156 á árinu í 113 stöðugilum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 399 þús. kr. á hvern íbúa.

Á árinu 2006 var unnið byggingu stjórnsýsluhúss í samvinnu við Búmenn og fóru kaup fram á eigninni á árinu.

Mikil fjölgun íbúa var í Sandgerðisbæ á síðasta ári en á árinu 2005 var hún 9,8% en er nú 8,3%.. Útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun á árinu 2007. Mikil uppbygging er í sveitarfélaginu hjá einstaklingum og fyrirtækjum og munar þar mestu uppbygging við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um 120 íbúðir eru í byggingu og eru miklar framkvæmdir við vegagerð samfara uppbyggingunni. Fyrirhuguð er viðbygging við íþróttahús og nýbygging 25m útisundlaugar á árunum 2007 og 2008.

Rekstrarumhverfi Sandgerðishafnar batnar, tekjur aukast og hagrætt verður í rekstri á árunum 2007 og 2008. Höfnin er mjög skuldsett og þeim skuldum fylgir mikill fjármagnskostnaður. B hluta fyrirtækin koma mun betur út úr rekstri en áætlanir gerðu ráð fyrir.